

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1086

Dagsetning: 21. október 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Arngrímur V. Angantýsson, deildarstjóri fjárreiðudeildar, og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi sátu fundinn undir lið 5.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 21. október 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir því að HH tilnefndi fulltrúa í starfshóp um ADHD barna. ÍDH hefur þegar sent inn tilnefningu eftir samráð við framkvæmdastjórn.

4. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Upplýst var um stöðu viðræðna um færslu Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar til HH. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að starfsemin verði að fullu fjármögnuð áður en hún færist til stofnunarinnar. Unnið er að því að kortleggja fjárhagsstöðuna og verkefni.

5. Kjarasamningar lækna

Arngrímur V. Angantýsson, deildarstjóri fjárreiðudeildar, og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi komu á fundinn til að ræða vinnuskjöl mannauðssviðs tengd kjarasamningi lækna. Framkvæmdastjórn samþykkti vinnuskjölin.

6. Kvennaverkfall

Rætt var um skipulag vinnu á starfsstöðvum í kvennaverkfalli föstudaginn 24. október 2025. Ákveðið var að SDM sendi stjórnendum nákvæmar leiðbeiningar.

7. Skipulag starfsemi

Rætt var um vinnu við yfirferð og breytingar á skipulagi starfseminnar. Fyrirhugaðar breytingar verða kynntar fyrir svæðisstjórum.

8. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

9. Samþætting þjónustu í Kraganum

Rætt var um hugmynd um að samþætta félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði með sama hætti og gert hefur verið í Mosfellsbæ. Framkvæmdastjórn samþykkti að óskað verði eftir því að stjórnendur þessara sveitarfélaga undirriti viljayfirlýsingu um undirbúning slíks verkefnis. Þegar slík yfirlýsing liggur fyrir verði sótt um styrk til heilbrigðisráðuneytisins til að ráða verkefnastjóra til HH sem hefði það hlutverk að innleiða verkefnið.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram vinnu við yfirfærslu verkefna Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar til HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM, HP og SJ
- Senda þarf skilaboð á stjórnendur varðandi kvennaverkfall, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Kynna þarf breytingar á skipulagi fyrir svæðisstjórum, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM
- Heyra þarf í stjórnendum sveitarfélaganna og óska eftir samstarfi um samþættingu þjónustu, sjá lið 9.
Ábyrgð:

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:10.